



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 3/2013

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Arion banka hf.
2. Íslandsbanka hf.

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 3/2013 varð að reglum nr. 165/2014 um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1	Arion banki hf.	Almenn umsögn	<p>Arion banki hf. vísar til dreifibréfs Fjármálaeftirlitsins sem barst þann 1. nóvember sl. og varðar endurskoðun reglna um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Í bréfinu kom fram að hinar endurskoðuðu reglur fælu í sér breytingar sem væru tilkomnar annars vegar vegna athugasemda ESA og hins vegar vegna innleiðingar á tilskipun 2011/89/EU sem breytti tilskipun 2002/87 IEC um sama efni. Með dreifibréfinu fylgdu drög að endurskoðuðum reglum og var bankanum gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau.</p> <p>Þakkar bankinn það tækifæri.</p> <p>Þann 11. nóvember sl. funduðu fulltrúar Arion banka með Fjármálaeftirlitinu um drög að reglunum. Óskaði bankinn eftir fundinum í þeim tilgangi að fá varpað skýrara ljósi á tiltekin ákvæði reglnanna. Á fundinum kom jafnframt fram að bankinn teldi sig ekki falla undir reglurnar í dag og tók eftirlitið undir þau sjónarmið, enda er eignarhlutur bankans á váttryggingamarkaði takmarkaður.</p> <p>Á fundinum komu einnig fram sjónarmið bankans og umræður vegna einstakra greina reglnanna. Þakkar Arion banki gagnlegan fund. Ekki er talið tilefni til þess að senda inn eiginlega umsögn vegna reglnanna, þess í stað er vísað til umræðna á fundinum.</p>